

Föstudaginn 23. janúar 1998.

Nr. 44/1998.

**Fín-ís ehf.**

(Ásgeir Jónsson hdl.)

gegn

**sýslumanninum í Keflavík**

(enginn)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. desember 1997, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verið hrundið og að krafa varnaraðila verði tekin fyrir að nýju í héraðsdómi til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í kæru kemur fram, að fyrirsvarsmanni sóknaraðila hafi fyrst orðið kunnugt um úrskurð héraðsdóms 6. janúar 1998, er honum barst bréf skipaðs skiptastjóra í þrotabúinu, dagsett 5. sama mánaðar.

Með kæru fylgdu nokkur ný skjöl, en meðal þeirra er bréf varnaraðila til fyrirsvarsmanns sóknaraðila 15. janúar 1998. Þar er lýst yfir því, að varnaraðili afturkalli kröfu sína um, að bú sóknaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, þar sem félagið hafi gert upp hluta krafna varnaraðila og samið um greiðslu eftirstöðva þeirra.

Samkvæmt 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 má afturkalla kröfu um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gengur um hana fyrir héraðsdómi. Frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti, þar til kröfulýsingarfresti við skiptin er lokið, gildir almenn regla einkamálaréttarfars ekki að því leyti, að aðilar geti sammælt um að fá skiptin felld niður með kæru til æðra dóms eða um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1994, bls. 1809. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

## D ó m s o r ð:

Úrskurður héraðsdóms er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. desember 1997.**

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjaness 9. desember sl. fer skipta-beiðandi, sýslumaðurinn í Keflavík, kt. 610576-0369, Vatnsnesvegi 33 í Keflavík, þess á leit við Héraðsdóm Reykjaness að bú skuldara, Fín-ís ehf., kt. 680290-4079, Heiðarholti 34 h í Keflavík, verði tekið til gjaldþrota-skipta.

Krafa skiptabeiðanda með áritaðri kvaðningu dómara var birt fyrir eigin-konu fyrirvarsmanna skuldara 11. desember sl. Við fyrirtöku kröfunnar í dag var eigi sótt þing af hálfu skuldara, og var málið tekið til úrskurðar að kröfu skiptabeiðanda.

Skiptabeiðandi lýsir málsatvikum þannig í kröfu sinni, að skuldari hafi eigi greitt ýmis opinber gjöld á rekstrarárinu 1997, sbr. fram lögð greiðslu-stöðuyfirlit. Styðji hann nú kröfu sína við árangurslaust fjárnám, sem gert var að kröfu skiptabeiðanda hjá skuldara, 7. nóvember 1997. Skiptabeið-andi vísar til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Af hálfu skuldara hefur þing eigi verið sótt, og verður eftir atvikum að líta svo á, að viðurkenndar séu fullyrðingar skiptabeiðanda í máli þessu. Hefur skuldari og þannig eigi sýnt fram á, að hann sé þrátt fyrir kröfu skiptabeiðanda fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum innan skamms tíma, sbr. upphafsákvæði 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Verður því að telja skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 fullnægt. Þykir því rétt að taka kröfu skiptabeiðanda til greina.

Róbert R. Spanó dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú Fín-ís ehf., kt. 680290-4079, Heiðarholti 34 h í Keflavík, er tekið til gjaldþrotaskipta.